



Mánaðamót

2. febrúar 2026
Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – febrúar 2026

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
2. febrúar	3	4 Vaxtaákvörðun (SÍ) <i>Peningamál 2026/1 (SÍ)</i> Verðbólga á evrusvæðinu	5 Festi, Icelandair og SKEL birta uppgjör Vaxtaákvörðun í Bretlandi Vaxtaákvörðun á evrusvæðinu	6 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
9	10 Brottfarir um Keflavíkurflugvöll (FMST) Skráð atvinnuleysi í janúar (VMST)	11 Arion banki og Kvika banki birta uppgjör Verðbólga í Bandaríkjunum	12 Heimar, Íslandsbanki, Kaldalón og Sjóvá birta uppgjör	13
16 Reitir birta uppgjör	17 Greiðslumiðlun í janúar (SÍ) Vísitala íbúðaverðs í janúar (HMS) Síminn birtir uppgjör	18 Fundargerð peningastefnunefndar (SÍ) Vísitala leiguverðs í janúar (HMS) Skagi birtir uppgjör Verðbólga í Bretlandi	19 Mánaðarskýrsla Hagdeildar (HMS)	20
23 Vísitala launa í janúar (HAG)	24 Velta skv. VSK- skýrslum f. nóv.-des (HAG) Iceland Seafood birtir uppgjör	25	26 Vísitala neysluverðs í febrúar (HAG) Gistinætur í janúar (HAG) Brim, Nova og Sýn birta uppgjör	27 Þjóðhagsreikningar f. 4F (HAG) Vöru- og þjónustuviðskipti f. 4F (HAG)




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,38% á milli mánaða í janúar. Verðbólga jókst um 0,7 prósentustig, úr 4,5% í 5,2%. Mælingin var nokkuð nálægt okkar spá um 5,1% verðbólgu.

Vísitala neysluverðs

Breyting á milli ára




Breyting VNV á milli mánaða


Áhrif af breytingu á gjaldtöku hins opinbera á kaupum og rekstri bifreiða var 0,6% til hækkunar á vísitölunni. Matarkarfan hækkaði nokkuð meira en við gerðum ráð fyrir. Útsölur voru svipaðar og við áttum von á og höfðu 0,50% áhrif til lækkunar á vísitölunni.

Janúarmælingar VNV

Breyting milli mánaða og framlag undirliða



Framlag undirliða




Horfur næstu mánuði

Spá okkar fyrir næstu mánuði er +0,73% í febrúar, +0,47% í mars og +0,86% í apríl. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan mælast 5,0% í febrúar, 5,1% í mars og 5,0% í apríl.

Verðbólguþspá*)


Breyting á milli mánaða ásamt framlagi undirliða



Matur og drykkjarv. Útsölur Húsnæði
Kaup ökutækja Bensín og kílómetragjald Flugf. til útlanda
Annað VNV

Verðbólguþspá*)

Ársverðbólga



*) Spá birt 29. janúar 2026
Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans




Stýrivextir

Við spáum því að peningastefnunefnd hækki stýrivexti um 0,25 prósentustig miðvikudaginn 4. febrúar. Verðbólga jókst úr 4,5% í 5,2% í janúar. Aukin verðbólga skýrist að mestu leyti af hækkun opinberra gjalda, en þó ekki einungis. Mælingin ber þess einnig merki að undirliggjandi verðþrýstingur sé enn til staðar. Ekki hefur tekist að draga úr verðbólguvæntingum og kaupmáttaraukning heldur áfram að skila sér í aukinni neyslu.

Vaxtaákvarðanir peningastefnunefndar

Dags.	Ákv.	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Meginvextir
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			8,50%
5. feb. 2025	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			8,00%
19. mar. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
21. maí 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	7,50%
20. ágú. 2025	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
8. okt. 2025	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
19. nóv. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
4. feb. 2026					
18. mar. 2026					
20. maí. 2026					
19. ágú. 2026					
7. okt. 2026					
18. nóv. 2026					


Meginvextir Seðlabanka Íslands




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði jókst innan mánaðar í janúar, hvort sem horft er til tveggja ára (4,2% í lok mánaðar, +0,3 prósentustig innan mánaðar), fimm ára (4,0% í lok mánaðar, +0,3 prósentustig innan mánaðar) eða til tíu ára (3,8% í lok mánaðar, +0,2 prósentustig innan mánaðar). Álagið lækkaði nokkuð í kjölfar þess að vísitala íbúðaverðs lækkaði á milli mánaða en rauk síðan upp þegar vísitala neysluverðs reyndist mun hærri en búist var við.

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði




Verðbólguálag til tveggja ára




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstýrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar var 3,7% í janúar (+0,1 prósentustig á milli mánaða). Raunstýrivextir miðað við liðna verðbólgu voru 2,1% (-0,7% á milli mánaða) og út frá meðaltali helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru þeir 3,5% (-0,2 prósentustig á milli mánaða).

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstýrivextir




Meðaltal mánaðar. Verðbólguvæntingar eru meðaltal verðbólguálags á skuldabréfamarkaði til tveggja ára og fimm ára, niðurstaða úr væntingarkönnun markaðsaðila til eins árs og næstu fimm ár, væntinga heimila til næstu fimm ára og fyrirtækja til næstu fimm ára. Skyggða svæðið er hæsta og lægsta gildið. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs lækkaði um 1,2% á milli mánaða í desember og hefur ekki lækkað svo mikið síðan í nóvember 2022. Lækkunin var drifin áfram af sérbýli á höfuðborgarsvæðinu, sem lækkaði um 2,2%, en auk þess lækkaði sérbýli og fjölbýli á landsbyggðinni. Fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu var nokkurn veginn óbreytt á milli mánaða. Árshækkun vísitölunnar í desember mældist 2,1% og hefur ekki mælst jafn lítil síðan í september 2023.

Vísitala íbúðaverðs

Breyting á milli ára




Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi var 4,4% í desember. Aukið atvinnuleysi á milli ára hélst á frekar þröngu bili, 0,2-0,4 prósentustig, frá febrúar 2024 til september 2025, en jókst upp í 0,5 prósentustig í október og 0,6 prósentustig í nóvember og desember.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Kortavelta jókst um 3,4% á milli ára í desember að raunvirði. Þar af jókst hún um 14,9% erlendis og innanlands um 0,6%. Verulega aukin kortavelta Íslendinga erlendis rímar vel við stórfellda fjölgun utanlandsferða á síðasta ári. Á síðasta ári voru utanlandsferðir Íslendinga um 18% fleiri en árið áður. Á sama tíma og kortavelta hefur aukist og utanlandsferðum fjölgað hafa innlán heimilanna aukist talsvert. Samhliða virðist tiltölulega lítið um yfirdrátt sem er einnig merki um að heimilin standi vel.



Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu einungis 1,9 mö.kr. í desember. Gögn um hrein ný útlán lífeyrissjóða í desember verða birt miðvikudaginn 4. febrúar.




Staðan í ferðaþjónustu

Um 120 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í desember, tæplega 16% færri en í desember í fyrra. Fyrir árið í heild voru brottfarir erlendra ferðamanna 0,4% færri en árið áður og er 2025 þriðja árið í röð sem brottfarir erlendra ferðamanna um Keflavík nema um 2,2 milljónum. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis dróst saman um 12,5% á milli ára á föstu verðlagi og um 7,7% á föstu gengi í desember á meðan gistinóttum útlendinga á hótélum fækkaði um 9,2% á milli ára.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar

Krónan styrktist í janúar. Í lok mánaðarins stóð evran í 145,2 (-2,0 króna innan mánaðarins) og bandaríkjadalur í 121,8 (-3,4 króna innan mánaðarins).



Útgáfa Greiningardeildar í janúar

12. janúar: Hagsjá: Breytt gjaldtaka af bílum gæti aukið verðbólgu um 0,7 prósentustig

13. janúar: Hagsjá: Atvinnuleysi eykst en kortavelta líka

15. janúar: Hagsjá: Spáum 5,1% verðbólgu í janúar

29. janúar: Hagsjá: Aukna verðbólgu má rekja til opinberra gjalda

30. janúar: Hagsjá: Spáum 0,25 prósentustiga hækkun stýrivaxta í næstu viku

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

